

N Á T T Ú R U F R Æ Ð I S T O F N U N Í S L A N D S

Umhverfisráðuneytið
Sigurður Á. Þráinsson
Skuggasundi 1
150 REYKJAVÍK

Garðabær, 24. maí 2011
2011050032/42-4-2
TB
jgo/tb


Umsókn um leyfi til að skjóta fugla sem valda tjóni

Vísað er til tölvupósts frá umhverfisráðuneytinu, dags. 29. mars og 13. maí sl., þar sem óskað er eftir umsögn frá Náttúrufræðistofnun Íslands varðandi umsókn fyrirtækisins Varnir og Eftirlit til að skjóta fugla í matvælafyrirtækjum og er m.a. vísað í endurnýjun á fyrra leyfi. Leyfið sem vísað er í fylgdi ekki með erindinu.

Með vísan í bréf frá Náttúrufræðistofnun Ísland til umhverfisráðuneytisins varðandi samskonar mál, dags. 3. mars 2009, getur Náttúrufræðistofnun ekki mælt með að veitt sé opið leyfi til að skjóta allar tegundir friðaðra fugla. Í erindi Varna og Eftirlits eru nokkrar tegundir tilgreindar en síðan bætt við óskilgreindum tegundum og ekki er sýnt fram á tjón.

Virðingarfyllst


Jón Gunnar Ottósson
forstjóri


Trausti Baldursson

